



Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafreittar  
Haukur Þór Haraldsson  
Hjallanesi 2  
851 Hella

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 8. júlí 2020  
Tilv.: UMH20060139/8.14

Við er til erindis yðar frá 26. júní sl. þar sem þér sækid um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi f.h.Veiði- og fiskræktarfélags Landmannaafreittar. Í erindinu kemur fram að félagid reki lítilsháttar fiskrækt til sleppinga og viðhalds á veiðistofni í vötnum á Landmannaafreitti. Umhverfisstofnun sé að vinna starfsleyfi og hafi metid umsóknargögn sem fullnægjandi. Skipulagsnefnd Rangárbings ytra hafi fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum nr. 66/2020, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggji mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 2. júlí sl. Þar kemur fram að skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Umhverfisstofnun bendi á að Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafreittar hafi sent inn tvær umsóknir um starfsleyfi þar sem um tvær stöðvar sé að ræða, annars vegar fyrir Götu og hins vegar fyrir Galtalæk. Í bréfi dags. 25. júní 2020 hafi stofnunin samþykkt að umsókn Veiði- og fiskræktarfélags Landmannaafreittar, Götu væri fullnægjandi. Þá samþykkti Umhverfisstofnun þann 26. júní að umsókn Veiði- og fiskræktarfélags Landmannaafreittar, Galtalæk væri fullnægjandi. Þá liggji fyrir ákvörðun sveitastjórnar sem tekin hafi verið á fundi þann 13. júní 2019 um að starfsemi Galtalæk og í Götu sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt í þessu tilviki frá kröfu um starfsleyfi að því gefnu að fyrirtækið fylgi ákvæðum samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram þar sem skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfinu séu uppfyllt.

Umsögn Matvælastofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 3. júlí sl. Þar kemur fram að veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafreittar hafi hvorki haft rekstrarleyfi að Götu né Galtalæk. Félagið hafi sótt um rekstrarleyfi fyrir Götu annars vegar og fyrir Galtalæk hins vegar 8. maí 2019 og vinni stofnunin í umsóknunum. Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafreittar sækir um leyfi fyrir 50 kg seiðaeldi af urriða fyrir Götu og 2 tonn af urriða fyrir Galtalæk. Matvælastofnun telur að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðni veiði- og fiskræktarfélaga Landmannaafreittar á meðan rekstraraðili vinni á virkan hátt að umsóknunum sínum um starfsleyfi og rekstrarleyfi.

Í ljósi þess að fullnægjandi starfsleyfisumsóknir liggja fyrir og framkvæmdirnar eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita veiði- og fiskræktarfélagi Landmannaafreittar, kt. 630580-0999 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir allt að 50 kg landeldi á laxfiski í starfsstöðinni Götu í Rangárþingi ytra og allt að tveggja tonna landeldi á laxfiski í starfsstöðinni að Galtalæk 2 í Rangárþingi ytra að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Vakin er athygli á því að undanþágan nær einungis til undanþágu frá starfsleyfi, önnur tilskilin leyfi þurfa að vera til staðar. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason